

**25. fundur Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefndByggingar-,skipulags-
og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38, 15. maí 2017
og hófst hann kl. 18:30.**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH), formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM), aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI), aðalmaður, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG), skipulagsfulltrúi og Elfar Steinn Karlsson (ESK), embættismaður.

Fundargerð ritaði: Elfar Steinn Karlsson,

Óskar Örn Gunnarsson Skipulagsfulltrúi var viðstaddur í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Umsagnarbeiðni: vegna Innsta-Tunga, Tálknafirði - 1705021

Lagt fram bréf frá sýslumanninum á Vestfjörðum dags. 09.05.17 með ósk um umsögn um útgáfu gistileyfis fyrir gististað í flokki II að Innstu-Tungu, Tálknafirði að hámarki 10 gestir.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis sé húsnæðið í samræmi við samþykka uppdretti og felur byggingarfulltrúa að ganga úr skugga um að svo sé. Ennfremur vill nefndin vekja athygli sýslumanns á því að um fjölbýlishús er að ræða.

Einnig beinir nefndin þeim tilmælum til sveitarstjórnar að mótaðar verðir reglur um staðsetningu gistiheimila innan íbúðarbyggðar á Tálknafirði.

Sigurvin Hreiðarsson vék af fundi undir afgreiðslu málsins.

2. Norður-Botn. Ósk um aukið byggingarmagn. - 1704017

Tekið fyrir að nýju erindi Sveins D.K Lyngmo, fyrir hönd landeiganda Norður-Botns. Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi Norður-Botns sem samþykkt var 30.9.2014.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir að grenndarkynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norður-Botns frá 2014. Sótt er um leyfi til að auka byggingarmagn á lóð úr 12.000 m² í 15.000 m² en jafnframt er sótt um að stækka byggingareit úr 20.372 m² í 25.000 m².

Tillagan skal grenndarkynnt landeigendum Hjallatúns. Frestur til að skila athugasemdum og ábendingum er 4 vikur, þ.e. til og með 16. júní 2017. Litið verður svo á að þeir sem ekki gera athugasemdir séu samþykkir fyrirhugaðri framkvæmd.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps eða í síma 456 2589 á opnunartíma skrifstofunnar, virka daga kl. 10-12 og 13-15. Fyrirspurnir má einnig senda á netfangið talknafjordur@talknafjordur.is.

3. Kirkjubraut 3. Umsókn um byggingarleyfi, frístundahús. - 1705024

Erindi frá Kristínu Magnúsdóttur f.h. Gistiheimilisins Bjarmlandi ehf. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir 24,3m² frístundahúsi að Kirkjubraut 3. Erindinu fylgja upprættir unnir af Árna Gunnari Kristjánssyni dags., 03.03.2017.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:15.

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Lilja Magnúsdóttir (LI)

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)

Elfar Steinn Karlsson (ESK)